

# RÍKJARÁÐSTEFNA UM AÐILD ÍSLANDS AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

## SAMNINGSAFSTAÐA ÍSLANDS

### 12. kafli

#### Matvælaöryggi og dýra- og plöntuheilbrigði

#### Samantekt um samningsafstöðu

1. EES-samningurinn tekur til 12.kafla um matvælaöryggi að hluta til. Ísland innleiðir og beitir regluverki sem varðar Evrópska efnahagssvæðið og fellur undir þennan kafla með samfelldum hætti.
2. Ísland fellst á regluverkið sem varðar 12.kafla um matvælaöryggi eins og það stóð 1. september 2012. Við aðild mun Ísland hafa lokið við innleiðingu á öllu regluverki, fram til þess dags, sem ekki hefur verið innleitt, að teknu tilliti til niðurstöðu samningaviðræðna í þessum kafla.
3. Ísland hefur þann löggjafar- og stofnanaramma sem nauðsynlegur er til að halda áfram að innleiða regluverkið í þessum kafla.
4. Ísland fer fram á aðlögunartíma og sérlausnir vegna þessa kafla.

#### EES-samningurinn

Ísland hefur verið aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) frá því að hann öðlaðist gildi 1994. Ísland hefur því tekið þátt í innri markaðinum í 18 ár og innleiðir með reglubundnum hætti viðeigandi löggjöf Evrópusambandsins með tilliti til fjórþætta frelsisins, sem og á öðrum mikilvægum sviðum á borð við rannsóknir og þróun, menntun, félagsmálastefnu, umhverfismál, neytendavernd, ferðaþjónustu og menningarmál. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fylgist reglulega með stöðu Íslands gagnvart EES-samningnum og birtir tvisvar á ári upplýsingar um frammistöðu Íslands á innri markaðinum.

Í þeim köflum sem EES tekur til hefur Ísland byggt upp löggjafar- og stofnanaramma sinn til samræmis við og til innleiðingar á viðkomandi löggjöf ESB. EES-samningurinn tekur til 12. kafla um matvælaöryggi að hluta til.

#### Lagarammi

Lagarammi á Íslandi er til staðar til að halda áfram innleiðingu regluverksins um öryggi matvæla og fódurs og stefnu á sviði dýra- og plöntuheilbrigðismála sem fellur undir EES-samninginn.

Ísland hefur náð fram mikilli samræmingu við regluverkið að því er varðar hollustuhætti fyrir dýraafurðir, físksjúkdóma, fóður, fræ, matvæli og önnur mál sem tengjast framleiðsluferfi matvæla.

Helstu svið löggjafar ESB sem ekki hafa verið innleidd eru löggjöf um dýraheilbrigði, dýrarækt, plöntuheilbrigði og hlutar af löggjöfinni um velferð dýra.

Ísland gerir ráð fyrir því að niðurstöður samningaviðræðnanna vegna þessa kafla muni gilda, samkvæmt efni sínu, um viðskipti Íslands við þriðju lönd.

Ísland undirstrikar sérstöðu landsins vegna fjarlægðar þess, stöðu þess sem eysamfélags, fámennis og strjálbýlis, erfiðra staðhátta og veðurfars og efnahags sem háður er fáum framleiðsluvörum. Varðandi þetta er vísað til almennrar afstöðu ríkisstjórnar Íslands sem samþykkt var á ráðherrafundum þeim sem markaði upphaf ríkjaráðstefnunnar um aðild Íslands að Evrópusambandinu 27. júlí 2010. Taka ætti tillit til þessara sérstöku en varanlegu sérkenna og takmarkana með viðeigandi ráðstöfunum, m.a. með vísan til ákvæða sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, aðildarsamninga og þeirrar afleiddu löggjafar sem við kann að eiga, þ.m.t. ráðstafanir sem þegar er beitt gagnvart svæðum sem hafa svipaðar landsvæðisbundnar og lýðfræðilegar takmarkanir.

### **Stefna er varðar heilbrigði dýra og dýraafurða**

Eftirlitskerfið á innri markaðinum fellur undir EES-samninginn að því er varðar ákvæði um fisk og lagareldisdýr og erfðaeefni þeirra en ekki að því er varðar lifandi dýr og erfðaeefni þeirra eins og egg, fósturvísa og sæði. Á sviði dýra- og plöntuheilbrigðismála er íslensk löggjöf auk þess í samræmi við skuldbindingar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Eftirlitskerfið með innflutningi er í samræmi við regluverkið að því er varðar fisk og lagareldisdýr og erfðaeefni þeirra. Takmörkunum á innflutningi er beitt samkvæmt lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, reglugerð nr. 935/2004 um innflutning gæludýra (fylgdardýra) og hundasæðis og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim sem skýrð verða síðar í þessum skjali.

Á Íslandi starfrækir Matvælastofnun (MAST) átta viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum. Þær eru allar viðurkenndar fyrir fisk og lagarafurðir. Auk þess eru tvær þeirra viðurkenndar fyrir kjöt, kjötafurðir, mjólkurafurðir, afurðir úr eggjum og afurðir úr dýraríkinu sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Önnur þessara tveggja stöðva er enn fremur viðurkennd fyrir lagareldisdýr. Skoðunarstöðvar á landamærum eru ekki viðurkenndar fyrir önnur lifandi dýr. Inn- og útflutningsskrifstofa MAST ber ábyrgð á eftirliti á stöðvunum sem dýralæknir ber annars ábyrgð á.

Einstaklingsmerkingakerfi Evrópusambandsins fyrir nautgripi hefur verið innleitt á Íslandi og að hluta til fyrir sauðfé og geitur. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 er heimilt samkvæmt reglugerð nr. 973/2011 að nota eitt auðkennismerki í stað tveggja fyrir sauðfé og geitur sem skylt er að eyrnamarka. Sé gripurinn seldur til lífs milli býla skal síðara auðkenni bætt við samkvæmt ákvæðum reglugerðar ESB. Þetta fyrirkomulag, til viðbótar við eyrnamörkun lamba sem er skylda, tryggir fullnægjandi rekjanleika þar sem eyrnamark hvers bús er einstakt. Einstaklingsmerkingakerfið byggir á eyrnamerkingum, lögbylaskrá og gagnagrunnum fyrir húsdýr. Í lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. og reglugerð nr. 289/2005 um merkingar búfjár er mælt fyrir um forsendur fyrir einstaklingsmerkingar dýra, skráningu á flutningi þeirra og skráningu dýrasjúkdóma ásamt meðferð og kerfisbundnu eftirliti með þeim. Löggjöf ESB að því er varðar

einstaklingsmerkingar svína verður innleidd í síðasta lagi við aðild. Að því er varðar hross hefur löggjöfin verið samræmd löggjöf ESB.

Löggjöf ESB um eftirlitsráðstafanir vegna dýrasjúkdóma er í gildi á Íslandi hvað varðar lagareldi og ráðstafanirnar hafa allar verið felldar inn í opinbera eftirlitsáætlun vegna fiskisjúkdóma. Önnur ákvæði um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim byggja á innlendum reglum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim sem taka til allra helstu dýrasjúkdóma.

Af þeim sjúkdómum sem eru á lista Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar fyrirfinnst aðeins garnaveiki og riðuveiki á Íslandi. Eftirtaldir sjúkdómar á lista Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar hafa greinst en fyrirfinnst ekki um þessar mundir (síðasta tilvik innan sviga): miltisbruni (2004), sullaveiki (1979), leptóspírósa/gulusótt (1995), nautaberklar (1959), mæði/visna (1965), svínapest (1953), lifrardrep (2002), smitandi berkjubólga (1998), fuglakregða (1994), hænsnatyfus (1953), Gumboro-veiki (1998), hænsnalömun (1998), kjúklingasótt (1958), smit með *Xenohaliotis californiensis* (2005).

Ísland er þátttakandi í tilkynningarkerfi fyrir dýrasjúkdóma (ADNS). Enginn 22 tilkynningarskyldra sjúkdóma í landdýrum, samkvæmt tilskipun ráðsins 894/1982/EBE, og enginn 14 tilkynningarskyldra sjúkdóma í lagardýrum hefur komið upp á Íslandi.

Innlendu búfjárkynin á Íslandi, sem eru öll af norrænum uppruna, hafa verið einangruð landfræðilega allt frá landnámi fyrir rúmlega 1100 árum. Innlendu kynin hafa gegnt mikilvægu hlutverki, bæði vegna sjálfsnægta og fæðuöryggis þjóðarinnar allan þennan tíma. Þetta á einkum við um sauðfé, nautgripi og hross, en í minni mæli um geitur og alifugla. Stofnstærð íslensku búfjárkynjanna hefur sveiflast gegnum aldirnar og minnstir voru stofnarnir seint á 18. öld, sem helst má rekja til mikilla jarðelda er hófust á árinu 1783. Íslenski geitastofninn er nú aðeins 830 dýr og hann er í útrýmingarhættu, en núverandi stofnar sauðfjár, nautgripa og hrossa eru sjálfbærir sem framleiðslukyn og sýna stöðugar, erfðafræðilegar framfarir í nýjustu kynbótamatsaðferðum, m.a. með s.k. BLUP-kynbótamati, og allar afurðir sauðfjár, mjólkurkúa og hrossa fást af þessum innlendu kynjum með sjálfsnægtahlutfalli sem er yfir 100%.

Ísland er gott dæmi um land þar sem varðveisla gamalla búfjárkynja byggist að miklu leyti á nýtingu. Þessi kyn eru þekkt fyrir erfðafræðilega fjölbreytni sína og aðlögunarhæfni að norðlægum aðstæðum. Bændur halda almennt tryggð við þau, en einnig almenningur sem tengir þau við sterkar hefðir og menningarleg gildi. Íslensku búfjárkynin eru í einstakri stöðu miðað við það sem gerist annars staðar í Evrópu. Ísland hefur gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar, m.a. skv. samningnum um líffræðilega fjölbreytni frá 1992, þess efnis að varðveita og viðhalda erfðaaudlindum, og þessar alþjóðlegu skuldbindingar krefjast markvissra aðgerða til að verjast erfðatæringu. Hvers kyns hættur, sem stöðja að þessum mikilvægu erfðaaudlindum, eru teknar mjög alvarlega.

Vegna landfræðilegrar einangrunar og takmarkaðs innflutnings á lifandi dýrum og dýraafurðum er búfé á Íslandi laust við fjölda sjúkdómsvalda sem eru landlægir í mörgum heimshlutum, þ.m.t. í Evrópusambandinu. Aðeins lítill hluti þekktra sjúkdómsvalda, sem herja innan ESB, finnst á Íslandi. Af þeim sökum er búfé á Íslandi varnarlítið gagnvart ýmsum smitvöldum. Þau dýr, sem talið er að hafi minnsta mótstöðu gegn sjúkdómum, eru hross, sauðfé, nautgripir og geitur. Sjúkdómsfaraldrar er komið hafa upp hérlendis hafa leitt í ljós að íslenskt búfé er afar viðkvæmt fyrir nýjum sjúkdómsvöldum. Þetta á ekki eingöngu við um

alvarlega sjúkdómsvalda heldur einnig þá sem eru aðeins taldir kalla fram væg, klínísk einkenni. Af þessu leiðir að íslenskt búfé er afar viðkvæmt fyrir því að inn í landið berist nýir sjúkdómsvaldar eða nýir stofnar af smitefnum sem þegar finnast í íslenskum dýrum.

Lifandi dýr, einkum sauðfé, voru flutt inn til kynbóta á íslenskum kynjum í nokkrum tilfellum frá miðri 18. öld og fram á miðja 20. öld. Í flestum tilvikum leiddi þessi innflutningur til ófarnaðar og bar með sér nýja sjúkdóma til landsins, s.s. fjárkláða, riðuveiki, mæði/visnu (þurramæði), votamæði og garnaveiki. Þetta hafði í för með sér stórfelldan niðurskurð þar sem innfluttu sauðfé og afkvæmum þess var fargað og hafði því ekki erfðafræðileg áhrif á innfætt kyn.

Fjárkláði hefur í tveimur tilvikum borist til Íslands með innflutningi á sauðfé. Fyrsta tilvikið kom upp árið 1762 með innflutningi sauðfjár frá Noregi. Á næstu tveimur áratugum féll úr sjúkdómnum eða var skorið niður 280.000 fjár af þeim 360.000 sem þá voru í landinu. Síðari fjárkláðinn árið 1856 barst með innflutningi á lömbum frá Bretlandi og þrátt fyrir niðurskurðaraðgerðir í upphafi faraldursins og seinna skyldubundar árlegar fjárbaðanir liðu næstum 150 ár þar til loks tókst að uppræta kláðann í upphafi 21. aldar.

Alvarlegasta tilvikið í seinni tíð þar sem sjúkdómar bárust til Íslands var vegna innflutnings á fé af Karakúl-kyni til kynbóta á vaxtarlagi og skinum/ull. Í stað þess að auka velmegun bænda varð þessi innflutningur næstum til þess að þurrka sauðfjárrækt út á Íslandi. Karakúlféð sem flutt var inn frá Halle í Þýskalandi árið 1933 bar með sér þrenns konar sjúkdóma: votamæði, mæði/visnu og garnaveiki sem breiddust út um allt land og urðu landlægar. Innlenda fjárkynið reyndist afar næmt fyrir hinum nýju sjúkdómum. Eina tiltæka lausnin var að beita stórfelldum niðurskurði á fé á sýktum svæðum til að útrýma pestunum. Votamæði var útrýmt árið 1952 og síðasta tilfellið af mæði/visnu kom upp árið 1965. Hins vegar nægði förgun ekki til þess að útrýma garnaveiki og er sjúkdómurinn enn landlægur í mörgum landshlutum á Íslandi þótt honum sé haldið í skefjum með bólusetningu. Talið er að yfir 150.000 fjár hafði sýkst af votamæði eða mæði/visnu og 600.000 fjár var skorið niður á tímabilinu 1944-1965 við útrýmingu mæðiveikinnar.

Riðuveiki barst með innflutningi á lifandi fé árið 1878. Hún breiddist út til margra landshluta og olli verulegu tjóni. Ein ástæða þess hversu alvarlegar afleiðingar riðuveiki hafði á Íslandi er hugsanlega sú að íslenskt sauðfjárkyn skortir þá arfgerð sem veitir mestu vörnina gegn hefðbundinni riðuveiki. Útrýming riðuveiki er nú langt komin vegna strangra varnaráætla. Eitt mikilvægasta stjórnækið í þessum áætlunum, auk niðurskurðar á heilum hjörðum þar sem heilbrigð dýr koma í staðinn, er sú að skipta landinu niður í sóttvarnarsvæði sem girt er á milli. Í lögum eru mjög strangar reglur um takmarkanir á flutningi lifandi fjár, sem og lifandi nautgripa upp að vissu marki, milli þessara sóttvarnasvæða.

Faraldrar smitsjúkdóma í íslensku búfé hafa enn fremur sýnt að erfitt er að spá fyrir um þær afleiðingar sem nýr sjúkdómsvaldur hefur í för með sér. Ónæmisfræðilegt reynsluleysi íslensks búfjár er meginskýring þess að sjúkdómsvaldar geta hleypt af stað alvarlegum faröldrum, en umhverfispættir hafa einnig sín áhrif. Á Íslandi hafa komið upp faraldrar í búfé með sjúkdómsvöldum sem voru óþekktir þegar þeir bárust til landsins, má í því sambandi nefna mæði/visnuveiru í sauðfé á fjórða áratug síðustu aldar og smitandi hitasótt í hrossum árið 1998. Í báðum tilvikum var um að ræða óþekktan sjúkdómsvald sem lagðist á ónæmisfræðilega varnarlitla stofna og kallaði fram skýra, klíníska mynd. Þessi sjúkdómsmynd hafði ekki komið fram í stofnum þar sem sjúkdómsvaldarnir eru landlægir og klínísk einkenni sýkinganna því farið fram hjá mönnum. Í öðrum faröldrum á Íslandi hafa

sjúkdómsvaldar, sem eru einungis þekktir fyrir væg eða jafnvel engin klínísk einkenni, valdið faraldri með umtalsverðum, klínískum sjúkdómseinkennum. Dæmi þessu til staðfestingar er húðsveppasýkingarfaraldur í hrossum, með *Trichophyton mentagrophytes* árið 1992, og adenóveiruaugnsýking í hrossum árið 2004. Af þessum orsökum getur verið erfitt eða jafnvel ógerlegt að vinna áhættumat.

Meðal einangraðra búfjárkynja er stofnabreytileiki sjúkdómsvalda í búfé lítill. Þess vegna getur sjúkdómur brotist út ef nýr stofn berst til landsins. Faraldurinn, sem stafaði af smitandi bakteríusýkingu í öndunarferum hrossa árið 2010, var dæmi þessa en þá barst nýr stofn af *Streptococcus equi* subsp. *zooepidemicus* til landsins og herjaði á allan íslenska hrossastofninn með alvarlegum efnahagslegum afleiðingum.

Landfræðileg lega Íslands og staða dýrasjúkdóma í landinu er einstæð og ekki sambærileg við stöðuna í neinu Evrópusambandslandi. Þessi staða hefur efnahagslega þýðingu, einnig með tilliti til velferðar dýra og fæðuöryggis. Einstæð staða íslensks búfjár að því er varðar sýkingar getur einnig verið hagstæð fyrir eftirlit og varnir gegn dýrasjúkdómum í öðrum löndum Evrópu og víðar þar eð oft er beðið um sýni frá Íslandi til að nota sem ótvíræðan, neikvæðan samanburð við mat á hæfni greiningarprófa fyrir hina ýmsu sjúkdómsvalda.

Fengin reynsla af innflutningi lifandi dýra til Íslands hefur afhjúpað þá miklu áhættu sem er á því að hingað berist fyrir slysi ný smitefni sem geta haft ófyrirsjáanlegar og stórkostlega alvarlegar afleiðingar í för með sér. Því skiptir það sköpum fyrir Ísland að banni við innflutningi lifandi dýra verði viðhaldið og að dýraheilbrigðislöggjöf ESB gildi ekki að því er varðar Ísland til þess að gera yfirvöldum dýraheilbrigðismála í landinu kleift meðal annars að viðhalda núverandi kerfi sóttvarnasvæða og vörnum gegn dýrasjúkdómum, svo einstæð sjúkdómastaða búfjár á Íslandi megi haldast óbreytt.

Að því er varðar gæludýr fer Ísland fram á að reglugerð (EB) nr. 998/2003<sup>1</sup> gildi ekki um Ísland eða að fundnar verði leiðir til að viðhalda núverandi fyrirkomulagi innan ramma reglugerðarinnar.

Með innleiðingu löggjafar ESB um heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum í viðskiptum innan Sambandsins, tilskipun 89/662/EBE<sup>2</sup>, viðheldur Ísland takmörkunum á innflutningi á hráu kjöti og hráum eggjum eins og kveðið er á um í 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Það sama á við um óunnin skinn og húðir sem ekki hafa verið sótthreinsaðar, húsdýraáburð og moltu sem blandað er saman við húsdýraáburð, en innflutningur á þessum afurðum er ekki leyfilegur. Þessar vörur falla undir lög um aukaafurðir úr dýrum, reglugerð (EB) nr. 1069/2009<sup>3</sup>. Tilgangurinn með því að viðhalda núverandi fyrirkomulagi innflutnings er að tryggja nógildandi sjúkdómavarnir að því er varðar fólk og dýr. Vísað er sérstaklega til langvarandi einangrunar íslenskra búfjárstofna, en reynslan hefur sýnt að þeir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir tilteknum sjúkdómum sem eru sumir hverjir ekki endilega ógn í öðrum löndum, og til atriða er varða lýðheilsu sem tengjast sjúkdómsvöldum í matvælum svo sem salmonellu og kampýlóbakter.

<sup>1</sup> Reglugerð um kröfur um heilbrigði dýra, sem gilda um flutninga sem ekki eru viðskiptalegs eðlis á gæludýrum og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/65/EBE.

<sup>2</sup> Tilskipun um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan Bandalagsins til að stuðla að því að koma á innri markaði.

<sup>3</sup> Reglugerð um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis sem fellir úr gildi reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir dýra).

Tilskipun 2003/99/EB<sup>4</sup> um súnur (sjúkdóma sem berast á milli manna og dýra) og súnivalda hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 1048/2011. Innlendir varnaráætlanir gegn salmonellu og kampýlóbakter hafa verið til staðar í allmörg ár hvað varðar alifuglaframleiðslu og gegn salmonellu hvað varðar svínarækt. Varnaráætlanirnar fela í sér eftirlitsráðstafanir á býlum og í sláturhúsum. Reglugerð (EB) nr. 2160/2003<sup>5</sup> hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 1011/2011, með viðbótartakmörkunum. Áætlanirnar gilda um allar sermisgerðir salmonellu. Alifuglahópum sem greinast jákvæðir með tilliti til salmonellu má ekki slátra og er þeim fargað á býlinu. Áætlanirnar eiga einnig við um alla alifugla (þ.m.t. endur og gæsir). Salmonella hefur verið mjög sjaldgæf í alifuglarækt og holdakjúklingum eftir 1996, nema árin 2010 og 2011 og viðkomandi sermisgerðir salmonellu (samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2160/2003) hafa ekki fundist í hópum undaneldisfugla.

Samkvæmt reglugerð nr. 260/1980 þarf að frysta eða hitameðhöndla allt alifuglakjöt af eldihópum holdakjúklinga sem kampýlóbakter hefur fundist í við sýnatöku fyrir slátrun, áður en því er dreift. Frystingin dregur úr fjölda kampýlóbakter bakteríunnar í afurðunum og dregur þar af leiðandi úr hættu á sýkingu af völdum kampýlóbakter í fólki. Þannig er kampýlóbakter í fersku alifuglakjöti mjög fátíð á íslenskum markaði. Unnt er að sýna fram á þörfina fyrir reglulegt opinbert eftirlit með alifuglaframleiðslu og fyrir strangar hreinlætisráðstafanir á býlum og í sláturhúsum á Íslandi með niðurstöðum rannsóknarvinnu og birtum vísindagreinum frá undanförunum áratug. Til að tryggja lýðheilsu þyrftu sambærilegar kröfur þar af leiðandi að gilda um innfluttar alifuglaafurðir og um markaðssetningu innlestrar framleiðslu. Reglan um frystingu kampýlóbakter-mengaðra alifuglaafurða sem nú er beitt á Íslandi er mikilvæg ráðstöfun hvað þetta varðar. Engin sambærileg lagaákvæði eða varnarástafanir gegn kampýlóbakter hafa verið innleidd í ESB.

Markaðssetning alifuglakjöts sem inniheldur salmonellu er ekki heimil og ef smit greinist í lifandi alifuglum á eldistímanum er öllum hópnum eytt. Ef smit greinist við slátrun er frekari dreifing stöðvuð og ef það finnst á markaði eru afurðir innkallaðar, óháð því um hvaða gerð salmonellu er að ræða. Ef salmonellusmitað svínakjöt finnst á markaði eru þær afurðir einnig innkallaðar.

Ísland hefur metið gögn frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu og Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins um lyfjapól og algengi sjúkdóma sem berast milli manna og dýra í aðildarríkjum ESB í dýrum (nautgripum, svínunum og alifuglum), matvælum (nautakjöti, svínakjöti og alifuglakjöti) og heilbrigði manna hvað varðar sýkingar af völdum kampýlóbakter, jersíníu og kólígerla (VTEC) og borið þau saman við sams konar gögn frá Íslandi. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að sumir sjúkdómar sem berast milli manna og dýra í dýrum og matvælum og tilfelli í fólki þeim tengdum séu fátíðari á Íslandi en í löndum Evrópusambandsins og sérstaklega hvað varðar tíðni salmonellu og kampýlóbakter af innlendum uppruna í fólki.

Í ljósi ofangreinds fer Ísland fram á að viðkomandi ákvæðum tilskipana 89/662/EBE<sup>6</sup>, 90/425/EBE<sup>7</sup>, 92/118/EBE<sup>8</sup>, 2002/99/EB<sup>9</sup>, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr.

<sup>4</sup> Tilskipun um vöktun mannsmitanlegra dýrasjúkdóma og smitvalda þeirra.

<sup>5</sup> Reglugerð um varnir gegn salmonellu og öðrum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum.

<sup>6</sup> Tilskipun um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan Bandalagsins.

206/2009<sup>10</sup> og afleiddum gerðum verði ekki beitt til þess að viðhalda megi núverandi fyrirkomulagi innflutnings á hráu kjöti og hráum eggjum, og viðkomandi ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og afleiddra gerða varðandi aukaafurðir úr dýrum hvað varðar núverandi fyrirkomulag vegna innflutnings á ósótthreinsuðum hráum skinnum og húðum, húsdýraáburði og moltu sem blönduð er húsdýraáburði.

Vakin er athygli á að þetta atriði er í skoðun í samræmi við ferla samkvæmt EES-samningnum. Eftirlitsstofnun EFTA hefur boðið Íslandi að leggja fram upplýsingar um reglur sem gilda um innflutning á hráu kjöti og rökstuðning fyrir þeirri fullyrðingu að tilhögun Íslands í þessum efnum sé réttmæt samkvæmt 13. gr. EES-samningsins. Ísland hefur lagt fram umbeðnar upplýsingar til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Ísland er laust við kúariðu. Regluverk ESB um eftirlit með og útrýmingu smitandi heilahrönnunarsjúkdóma er í gildi með þremur merkjanlegum undantekningum:

Í fyrsta lagi er Ísland nú með sérlausn samkvæmt EES-samningnum, en samkvæmt henni er reglugerð (EB) nr. 999/2001<sup>11</sup> (2. liður í IV. viðauka) tekin upp með aðlögun sem veitir leyfi til að fódra búfé með fiskimjöli vegna sérstakra aðstæðna í landinu hvað varðar loftslag, landfræðilega legu og eðli þeirra auðlinda sem fyrir hendi eru, þar sem fiskimjöl er einn helsti próteingjafi fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Í öðru lagi, þrátt fyrir ákvæði reglugerðar (EB) nr. 999/2001 viðheldur Ísland banni við innflutningi á kjöti og beinamjöli og afurðum sem innihalda kjöt og beinamjöl.

Í þriðja lagi hefur Ísland frá árinu 2004 samkvæmt Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni notið stöðunnar „laust við eða með óverulega hættu á kúariðu“ sem jafngildir fyrri flokkun ESB í I. flokk með tilliti til kúariðu. Í fyrri V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 var tilgreint að lönd með þessa stöðu þyrftu ekki að fjarlægja sérstaka áhættuvefi úr nautgripum. Þar af leiðandi þurfti Ísland ekki að semja um þetta atriði í tvíhliða viðræðum við Evrópusambandið á árunum 2005–2006 sem leiddu til ákvarðana sameiginlegu nefndarinnar frá 26. október 2007. Hins vegar er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 722/2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 999/2001, gerð krafa um að öll aðildarríki fjarlægi sérstaka áhættuvefi úr nautgripum, óháð stöðu þeirra, vegna þess að dýr eru flutt til slátrunar á milli aðildarríkja. Engin breyting hefur orðið á stöðu Íslands með tilliti til kúariðu og lifandi nautgripir eru ekki fluttir inn til slátrunar.

Ísland fer fram á að ákvæði reglugerðar (EB) nr. 999/2001, með áorðnum breytingum, varðandi fiskimjöl í fódri fyrir búfé, innflutning á kjöti og beinamjöli og sérstaka áhættuvefi úr nautgripum muni ekki öðlast gildi á Íslandi svo lengi sem Ísland er laust við eða með óverulega hættu á kúariðu samkvæmt stöðlum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar.

Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 999/2001 að því er varðar ræktun sauðfjár sem hafa þol fyrir riðuveiki eiga ekki við um Ísland þar sem sauðfé með viðkomandi arfgerð er ekki til í landinu.

---

<sup>7</sup> Tilskipun um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir.

<sup>8</sup> Tilskipun um kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til Bandalagsins.

<sup>9</sup> Tilskipun um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis.

<sup>10</sup> Reglugerð um aðflutning vörusendinga til einkaneyslu af afurðum úr dýraríkinu til Bandalagsins og um breytingu á reglugerð (EB) Nr. 136/2004.

<sup>11</sup> Reglugerð um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar.

Löggjöf ESB um bann við efnum og eftirlit með lyfjaleifum hefur verið innleidd. Ísland er með eftirlitsáætlun fyrir þau efni sem tilgreind eru í löggjöfinni sem árlega var lögð fyrir Matvæla- og dýraheilbrigðisstofnun Evrópu fram til 1. nóvember 2011, en frá þeim tíma til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Fríverslunarsamningar sem Ísland hefur fullgilt hafa að geyma ákvæði um ráðstafanir varðandi varnir vegna hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna. Fjallað er um fríverslunarsamninga í samningsafstöðunni varðandi 30. kafla. Ísland er aðili að Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), þar með talið að Alþjóðlega staðlaskráráðinu fyrir matvæli (Codex) og Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO).

Regluverkið um velferð dýra verður innleitt eigi síðar en við aðild. Ísland fer þó fram á aðlögunartíma til allt að 15 ára til að innleiða tilskipun ráðsins 1999/74/EB<sup>12</sup> þar sem mælt er fyrir um lágmarkskröfur um velferð varphænsna að því er varðar bann við því að halda hænsni í búrum.

Löggjöf ESB um ræktun dýra hefur ekki verið innleidd. Löggjöfin, að því leyti sem hún á við um íslenskar aðstæður, verður innleidd eigi síðar en við aðild.

Ísland mun við aðildardag hafa lokið innleiðingu á regluverki ESB um kostnað er varðar heilbrigði dýra og dýraafurða, sem ekki hefur verið innleitt, með fyrirvara um niðurstöðu samningaviðræðna vegna þessum kafla.

### **Markaðssetning matvæla, fóðurs og aukaafurða úr dýrum**

Almennar og sértækar reglur ESB um hollustuhætti vegna dýraafurða hafa verið innleiddar. Ísland hefur tekið upp í íslenskan rétt reglugerð (EB) nr. 178/2002<sup>13</sup> um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli og löggjöf um hollustuhætti og opinbert eftirlit með lögum nr. 143/2009 um breytingar á lögum nr. 93/1995 um matvæli og öðrum viðkomandi lögum og reglugerðum um matvæli, fóður og heilbrigði dýra og dýraafurða.

Eftirlitskerfi á Íslandi er í samræmi við regluverk ESB um eftirlitsreglur og sértækar eftirlitsreglur fyrir dýraafurðir.

Löggjöf ESB um aukaafurðir úr dýrum, eins og hún hefur tekin upp í EES-samninginn, hefur verið innleidd. Tvær brennslustöðvar eru á Íslandi sem geta tekið á móti sumum aukaafurðum úr dýrum. Þessar brennslustöðvar fyrir aukaafurðir úr dýrum henta þó ekki í öllum tilfellum né hafa þær nauðsynlega afkastagetu fyrir öll viðkomandi verkefni. Ísland hefur í hyggju að byggja upp stofnanalega og tæknilega getu og koma á nýju kerfi fyrir förgun á dýraúrgangi og hræjum. Heildarstefna um opinbert eftirlit með aukaafurðum dýra, meðferð dýraúrgangs og viðbrögð við smitsjúkdómum í dýrum verður enn fremur innleidd. Nýja kerfið fyrir söfnun og meðferð aukaafurða úr dýrum verður tilbúið og starfrækt við aðild.

---

<sup>12</sup> Tilskipun þar sem mælt er fyrir um lágmarksdýraverndarkröfur fyrir varphænur.

<sup>13</sup> Reglugerð um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla.



Fjármögnun eftirlits er í samræmi við meginregluna um lágmarksgjald. Matvæla- og fóðurframleiðendur greiða gjöld fyrir opinbert eftirlit. Gjöldin skulu ekki vera umfram kostnað MAST eða heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna sem eru ábyrg fyrir eftirlitinu.

## Matvælaöryggisreglur

Almenn löggjöf ESB um matvælaöryggi (t.d. merkingar, aukefni og aðskotaefni) hefur verið innleidd. Löggjöf ESB um nýfæði hefur þó ekki verið innleidd en verður innleidd eigi síðar en við aðild.

Neysla fisklýsis er samkvæmt hefð mikil á Íslandi. Fisklýsi er talið mikilvægt næringarefni, einkum vegna háa D-vítamíninnihalds, og heilbrigðisyfirvöld hvetja til neyslu þess. Af þessum ástæðum fer Ísland fram á að viðhalda lægra díoxínmagni (5 þg á hvert gramm af fitu) í fisklýsi en kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006.<sup>14</sup>

Að því er varðar innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 1107/2009<sup>15</sup> um markaðssetningu plöntuvarnarefna, fer Ísland fram á aðlögunartíma til allt að tíu ára (eins og veittur hefur verið aðildarríkjum) til að hverfa frá núverandi kerfi í áföngum.

## Sértækar reglur um fóður

Löggjöf ESB um fóður hefur verið innleidd.

## Stefna um plöntuheilbrigði

Löggjöf ESB um plöntuheilbrigði og skaðlegar lífverur hefur ekki verið innleidd. Innendar reglur eru í gildi varðandi innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum og varðandi skrá yfir skaðlegar lífverur sem eru bannaðar. Ísland bannar innflutning á tilteknum ættkvíslum skógartjúa (nema fræjum) þ.e. *Betula* spp. (birki), *Larix* spp. (lerki), *Picea* spp. (greni), *Pinus* spp. (fura), *Populus* spp. (ösp), *Salix* spp. (víðir) og *Ulmus* spp. (álmur), tilteknum grænmetisplöntum (gúrku, salati, papriku og tómáti (nema fræjum)), jarðvegi (nema hreinum mó), hráum trjáberki og húsdýraáburði. Meginröksemdin fyrir banni á innflutningi þessara plantna er að Ísland er laust við margar lífverur sem taldar eru mögulegir skaðvaldar á þessum plöntutegundum en kunna að vera algengar annars staðar. Í íslenska listanum yfir skaðlegar lífverur eru um 40 lífverur sem ekki eru skráðar á listum Evrópusambandsins, t.d. allnokkrir sveppasjúkdómar, *Adelges* blaðlís, barkarbjöllur og gangaflugur. Innlend löggjöf gildir einnig um eftirlit með skaðlegum lífverum svo sem kartöfluhringroti og kartöfluhnúðormi.

Meginskýringin á því að tilteknar lífverur finnast ekki á Íslandi er landfræðileg einangrun landsins og hlutfallslega ung ræktun á mörgum innfluttum skógartegundum. Lífverur sem ekki eru taldar mjög skaðlegar hýsilplöntum sínum annars staðar innan EES kunna að vera skaðlegri á Íslandi vegna skorts á náttúrulegum óvinum, notkunar smitnæmari kvæma skógartjúa og minni mótstöðu vegna veðurfarsskilyrða sem eru oft og tíðum erfið.

Listinn yfir lífverur sem taldar eru skaðlegar samkvæmt tilskipun 2000/29/EB nær ekki til allra mögulega skaðlegra lífvera hvað Ísland varðar. Vegna sérstakra aðstæðna kunna lífverur,

<sup>14</sup> Reglugerð um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum.

<sup>15</sup> Reglugerð um markaðssetningu plöntuvarnarefna.

sem reglur ESB ná ekki yfir, að verða ágengar í íslenskri náttúru. Því fer Ísland fram á að beita ekki löggjöf sambandsins um plöntuheilbrigði eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2000/29/EB<sup>16</sup> og afleiddri löggjöf eða tengdri löggjöf svo sem varnartilskipunum (t.d. um kartöfluhnúðorm, kartöfluhringrot, brúnrot (*Ralstonia solanacearum*)), ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar um m.a. furuþráðorm (*Bursaphelenchus xylophilus*) og Pepino mosaic veiru og tilskipunum varðandi stofnun plöntuvegabréfakerfis, eða að fundin verði leið til að viðhalda núverandi fyrirkomulagi innan löggjafarinnar.

Ísland hefur í hyggju að safna frekari vísindalegum og efnahagslegum gögnum til stuðnings kröfum sínum að því er varðar innflutning á lifandi plöntum og plöntuafurðum í þeim tilgangi að leggja mat á mögulega alvarlegar afleiðingar slíks innflutnings.

Meginlöggjöf Evrópusambandsins um gæði fræs og fjölgunarefna hefur verið innleidd. Tilskipanir um markaðssetningu á útsæðiskartöflum, fjölgunarefni til skógræktar, fjölgunarefni fyrir aldinplöntur og aldinplöntur fyrir aldinrækt, fjölgunarefni fyrir skrautjurtir, fjölgunar- og útplöntunarefni fyrir grænmetisplöntur önnur en fræ og efni fyrir kynlausa fjölgun vínviðar hafa þó ekki verið innleiddar. Við innleiðingu þeirrar löggjafar sem út af stendur mun Ísland sækjast eftir eftirfarandi markmiðum:

– að markaðssetja áfram innlend hefðbundin kartöfluyrki. Þessi yrki hafa ekki verið skráð í opinberu yrkisskrána eins og krafist er samkvæmt tilskipun 2002/56/EB.<sup>17</sup>

– að lýsa í samræmi við kröfur í tilskipun 1999/105/EB<sup>18</sup> eiginleikum erfðafnis aðlagaðra kvæma skógartrjáa þannig að hægt sé að fjölga þeim áfram og markaðssetja. Athygli er vakin á því að innflutningur nokkurra ættkvísla trjáa er óheimill samkvæmt löggjöfinni um plöntuheilbrigði.

– að viðhalda fullnægjandi vörnum gegn því að nýjar skaðlegar lífverur berist í grænmetisræktun í gróðurhúsum. Talið er nauðsynlegt að viðhalda banni við innflutningi á plöntum til ræktunar á grænmetisplöntum, þ.e. gúrku, salati, papriku og tómati, sem er í gildi samkvæmt löggjöf um plöntuheilbrigði, þar sem slíkar varnir eru ekki augljósar samkvæmt tilskipun ráðsins 2008/72/EB<sup>19</sup> og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/61/EBE<sup>20</sup> varðandi mikilvægar skaðlegar lífverur svo sem gangaflugur og nokkrar lífverur sem nýlega hafa borist til Evrópu.

Ísland fer fram á aðlögunartíma til ársins 2025 til að innleiða markaðslöggjöfina sem út af stendur varðandi sáðvöru og fjölgunarefni.

Innlend lög um yrkisrétt eru þegar löguð að löggjöf ESB og alþjóðlegum reglum. Innleiðing að fullu verður tryggð eigi síðar en við aðild.

## Erfðabreyttar lífverur

<sup>16</sup> Reglugerð um verndarráðstafanir gegn því að inn í Bandalagið berist lífverur sem eru skaðlegar plöntum eða plöntuafurðum og gegn útbreiðslu þeirra innan Bandalagsins.

<sup>17</sup> Tilskipun um markaðssetningu kartöfluútsæðis.

<sup>18</sup> Tilskipun um markaðssetningu fjölgunarefnis í skógrækt.

<sup>19</sup> Tilskipun um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fræi.

<sup>20</sup> Tilskipun um yfirlit um kröfur sem gerðar eru varðandi fjölgunar- og útplöntunarefni.

Löggjöf ESB um sleppingu erfðabreyttra lífvera í umhverfið hefur verið tekin upp í íslenskan rétt. Löggjöf ESB um markaðssetningu, merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og fóðurs hefur verið tekin upp í íslenskan rétt að hluta til og verður innleidd að fullu eigi síðar en við aðild.

## **Stofnanarammi**

Stofnanarammi og skipulag stjórnáslunnar fyrir innleiðingu regluverks ESB um matvælaöryggi og stefnu í dýra- og plöntuheilbrigði er til staðar og í samræmi við kröfur Evrópusambandsins.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ber ábyrgð á stefnumótun, samræmingu og löggjöf, þar með talið upptöku löggjafar Evrópusambandsins um öryggi matvæla og fóðurs og neytendamál sem og málefni er varða dýra- og plöntuheilbrigði.

Matvælastofnun er miðlægt lögbært stjórnvald sem ber ábyrgð á innlendu eftirlitskerfi með matvælum, fóðri, dýraheilbrigði, velferð dýra og plöntuheilbrigði. Hluti löggjafarinnar um velferð dýra er þó á ábyrgð umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Umhverfisstofnunar. Nýtt frumvarp til laga um velferð dýra hefur verið lagt fyrir Alþingi, þar sem lagt er til að ábyrgð á nýju lögunum um velferð dýra verði einungis hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og að einungis Matvælastofnun beri ábyrgð á að lögunum sé framfylgt. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að heilbrigði og velferð dýra og öryggi og heilnæmi matvæla með því að framfylgja löggjöfinni og veita neytendum, fyrirtækjum og sjávarútvegi og landbúnaði fræðslu og þjónustu. Undir starfsemi hennar fellur matvælalöggjöf og eftirlit með matvælum, yfirumsjón með og samræming matvælaeftirlits, neytendamál og fræðsla, dýraheilbrigði og -velferð, heilbrigði plantna og sáðvöru, fóður og áburður, varnir og viðbrögð við sjúkdómum (súnur og viðbragðsáætlanir), gæðaflokkun kjöts og eftirlit með inn- og útflutningi. MAST starfrækir aðalskrifstofu og umdæmisskrifstofur. Aðalskrifstofu er skipt í tvö megin svið: Fagsvið um heilbrigði og velferð dýra og fagsvið um matvælaöryggi og neytendamál. Hjá MAST er einnig starfrækt skrifstofa inn- og útflutningseftirlits og sex umdæmisskrifstofur (héraðsdýralæknar).

Íslandi er skipt í tíu eftirlitssvæði sveitarfélaga, hvert með sitt eftirlitsyfirvald: heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna (þar til bær yfirvöld á hverjum stað) sem hefur eftirlitsskyldu varðandi matvælaöryggi (aðallega á sviði smásölu og framleiðslu matvæla sem ekki eru úr dýraríkinu), umhverfisvernd og almenna hollustuhætti. MAST hefur yfirumsjón með starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna varðandi matvælaöryggi.

94 starfsmenn taka beinan þátt í eftirliti með matvælaöryggi, dýraheilbrigði og velferð dýra. Þar af starfa 54 á aðalskrifstofu og 40 hjá umdæmisskrifstofum (16 hjá héraðsdýralæknum og 24 hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna). Tveir starfsmenn Umhverfisstofnunar vinna með varnarefni, erfðabreytt matvæli og velferð dýra. Enn fremur tekur starfsfólk Fiskistofu og Lyfjastofnun óbeinan þátt í eftirliti með matvælaöryggi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið ber ábyrgð á stefnumótun, samræmingu, löggjöf á sviði plöntuvarnarefna og sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og einnig velferð dýra að hluta til eins og greint er frá hér að framan. Ráðuneytið, ásamt Umhverfisstofnun, ber ábyrgð á innleiðingu löggjafar ESB á þessum sviðum. Auk þess bera umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun ábyrgð á starfi þar til bærra yfirvalda á hverjum stað hvað varðar umhverfisvernd og almenna hollustuhætti.

## **Samþykkt regluverks ESB**

Ísland samþykkir regluverkið sem varðar 12.kafla um matvælaöryggi með fyrirvara um niðurstöður samningaviðræðna og fer fram á aðlögunartíma og sérlausnir eins og tekið er fram hér að neðan:

- Ísland fer fram á að viðhalda banni við innflutningi lifandi dýra og að löggjöf ESB um dýraheilbrigði og löggjöf ESB um viðskipti með lifandi dýr gildi ekki að því er varðar Ísland.
- Ísland fer fram á að reglugerð (EB) nr. 998/2003 gildi ekki um Ísland eða að fundnar verði leiðir til að viðhalda núverandi fyrirkomulagi innan ramma reglugerðarinnar.
- Ísland fer fram á að halda núverandi fyrirkomulagi hvað varðar merkingar sauðfjár og geita og beita ekki reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar sauðfé og geitur.
- Ísland fer fram á að beita ekki viðkomandi ákvæðum tilskipana 89/662/EB, 90/425/EB, 92/118/EB, 2002/99/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 206/2009 og afleiddri löggjöf til þess að viðhalda núverandi fyrirkomulagi vegna innflutnings á hráu kjöti og hráum eggjum, og viðkomandi ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og afleiddrar löggjafar varðandi aukaafurðir úr dýrum hvað varðar núverandi fyrirkomulag á innflutningi á ósótthreinsuðum hráum skinnum og húðum, húsdýraáburði og moltu sem blönduð er húsdýraáburði.
- Ísland fer fram á að beita ekki ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 999/2001, með áorðnum breytingum, varðandi fiskimjöl í fóður fyrir búfé, innflutning á kjöti og beinamjöli og sérstaka áhættuvefi í nautgripum svo lengi sem Ísland er laust við eða með óverulega hættu á kúariðu samkvæmt stöðlum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar.
- Ísland fer fram á aðlögunartíma til allt að 15 ára til að innleiða tilskipun ráðsins 1999/74/EB um lágmarkskröfur um velferð varphænsna, að því er varðar bann við því að halda hænsni í búrum.
- Ísland fer fram á að viðhalda lægra díoxínmagni (5 þg á hvert gramm af fitu) í fisklýsi en kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006.
- Ísland fer fram á aðlögunartíma í allt að tíu ár (eins og veittur er aðildarríkjum) til að hverfa í áföngum frá núgildandi kerfi hvað varðar innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 um markaðssetningu plöntuvarnarefna.
- Ísland fer fram á að beita ekki löggjöf ESB um plöntuheilbrigði eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2000/29/EB og afleiddri eða tengdri löggjöf eða að fundin verði leið til að viðhalda núverandi fyrirkomulagi innan löggjafarinnar.
- Ísland fer fram á aðlögunartíma til 2025 til að innleiða markaðstilskipanirnar sem út af standa varðandi sáðvöru og fjölgunarefni. Ísland fer fram á að viðhalda banni við innflutningi vissra ættkvísla skógartrjáa (að undanskildum fræjum) þ.e. birkis *Betula spp.*, lerkis *Larix spp.*, grenis *Picea spp.*, furu *Pinus spp.*, aspar *Populus spp.*, víðis *Salix spp.* og álms *Ulmus spp.* og vissra grænmetisplantna (að fræjum undanskildum) þ.e. gúrku, salati, papriku og tómati samkvæmt íslensku löggjöfinni um plöntuheilbrigði.